

**Námsgrein / Heildstætt verkefni:****Íslenska****Tímabil: Skólaárið 2024-2025****Námsmarkmið sem unnið verður með:**

Að nemendur nái aukinni færni í lestri og lesskilningi, skilji aðalatriði í texta og geti unnið með hann. Þekki nafnorð, sagnorð og lýsingarorð, læri grunnreglur í stafsetningu og geti skrifað texta með upphafi, meginmáli og niðurlagi. Jafnframt er markmið að nemendur geti tekið þátt í umræðum og farið eftir samskiptareglum.

**Námsþættir:**

- Lestur: lesskilningur, áhersla lögð á jákvætt viðhorf til lesturs.
- Málfræði: Unnið með nafnorð, sagnorð og lýsingarorð: sérnöfn/samnöfn, eintala/fleirtala, kyn, andheiti/samheiti, nútíð/þátíð, fallbeyging, stigbreyting, samsett orð, stofn orða, stafrófið og skammstafanir.
- Stafsetning: stór/lítill stafur, ng/nk reglan, n/nn reglan, hv/kv reglan.
- Ritun: Textauppygging og samhengi í texta, þekki og geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag.
- Orðtök, málshættir og rím
- Talað mál og hlustun: hlustun og framkoma, geti tekið þátt í umræðum og farið eftir samskiptareglum

**Kennsluaðferðir:**

Innlagnir frá kennara, einstaklingsvinna, paravinna, hópvinna og jafningjafræðsla þar sem nemendur leiðbeina hver öðrum og samþætting við aðrar námsgreinar.

**Námsefni/ kennslugögn:**

- Orðspor 2 lesbók og vinnubók
- Smellur
- Lestra/sögubækur
- Málrækt 2
- Annað efni frá kennara

**Námsmat:**

- Leiðsagnarmat
- Verkefni og vinna nemenda
- Sjálfsmat, samtal milli nemenda og kennara
- Áhugi og virkni nemenda
- Kannanir
- Unnið verður eftir áætlun
- Vinnusemi